

## AUGLÝSING

### um að fella úr gildi deiliskipulag frístundabyggðar og skógræktarsvæðis í Hamragörðum, Rangárþingi eystra.

Í samræmi við 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 ákvað sveitarstjórn Rangárþings eystra á fundi sínum 5. febrúar 2007 að fella skyldi úr gildi deiliskipulag frístundabyggðar og skógræktarsvæðis í Hamragörðum. Umrætt svæði er ofan við Seljalandsfoss en deiliskipulagið tók gildi 10. apríl 2001. Heildarstærð svæðisins er 26,5 ha og þar af voru 8,5 ha undir 11 frístundahúsalóðir. Samkvæmt aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003-2015 sem tók gildi 20. október 2005, er ekki gert ráð fyrir frístundabyggð né skógrækt á umræddu svæði.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 18. desember 2007.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Rúnar Guðmundsson**, byggingar- og skipulagsfulltrúi Rangárþings bs.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2007